

Ársskýrsla og haustferð árnefndar 7.-8. september 2022

Skipulagðir dagar fyrir árnefnd þetta haustið voru frá 7.-9. september. Árnefndin gat ekki nýtt sér alla dagana en náði að koma skiltum inn og þrifa húsið fyrir veturinn. Mættir voru Guðmundur G. Hallgrímsson, formaður, Hallgrímur Guðmundsson og Hallgrímur Már Hallgrímsson, nýr meðlimur árnefndar. Sigurbergur Theodórsson tilkynnti að hann gæti ekki sinnt þessum störfum og hefur sagt sig úr árnefndinni.

Til stóð að ræða við landeigendur um hugsanlegan geymsluskúr og núverandi heitan pott. Þessum fundi var frestað sökum anna og verður vonandi haldinn síðar á árinu eða fljótlega á næsta ári. Heiti potturinn hefur verið í ólagi í sumar og hafa síur m.a. stíflast. Gras virðist berast með fólki þegar það fer í pottinn og það stíflar síurnar. Einnig þarf að ræða hvort hægt sé að skaffa frystikistu fyrir aflann. Núverandi ísskápur er ekki hentugur fyrir það. Einnig eru nokkur rúm með mjög lélegar dýnur sem þarf að skipta út, m.a. dýnur í hjónarúmi.

Ljósleiðari kom í húsið fyrir nokkrum mánuðum. Sjónvarp er uppsett en sökum þess að ekki er sjónvarpsmóttakari í húsinu er ekki hægt að horfa á íslenskar sjónvarps rásir. Árnefndin gerir sér ekki grein fyrir hvort það sé hlutverk SVFR að bjóða upp á slíkt.

Nokkur skilti vantar enn þá en þau hafa verið í pöntun síðan eftir vorferð í sumar. Árnefndinni hafa borist skilaboð um að skiltin séu tilbúin og verða þau tekin með næsta sumar.

Húsið er í góðu ástandi. Nokkur atriði eru á verkefnalista fyrir næsta sumar:

- Mála þarf glugga.
- Bera þarf á norður og vesturhlið hússins og skjólveggi við heitan pott.
- Skipta þarf um peru og/eða startara í útiljós við útidyr
- Búið var að skemma eina festingu á reykskynjara í eldhúsi og þarf að skipta um hann í vor.
- Einnig þarf að skipta út nokkrum veggkjósum í svefnherbergjum.

Á næstu árum þarf að skipta um gler í nokkrum gluggum. Móða var komin inn á þá en boruð voru lítil göt að innan verðu í þá glugga í vor og höfðu þeir þurrkað sig í sumar en það er ekki framtíðarlausn á þessum málum.

Gerð var skráning á helstu birgðum í húsinu. Verður innkaupum næsta vor miðuð við núverandi birgðir.

Ágætis veiði hefur verið í ánni í sumar en hún er fyrst og fremst borin uppi af veiði á efra svæðinu. Nokkur afli kom úr ánni neðan vatns í byrjun tímabils en í ágúst var nánast engin veiði neðan vatns sem er óvenjulegt. Eftir samtal við



heimafólk var ákveðið að þau myndu athuga hvort minkur væri við áнна. Í haust hafði þó ekkert gerst í þeim málum.

Í sumar eru skráðir 554 veiddir fiskar, þar af 9 laxar. Þetta er heldur minna en í meðalári og munar um að lítil veiði var neðan vatns.

Gufudalsáin kvaddi árnefndina með þremur löxum og fóru allir sáttir heim.



Árnefndin hefur tekið saman veiði á veiðistaði. Fjöldi fiska veiddra á veiðistað er eins og kemur fram í eftirfarandi töflum:

Neðsta svæði	Lax	Bleikja	Urriði
Miðós		16	2
Brekkuós		10	
Skykkishylur		0	
Fitjabakkar		0	
Engjar		0	
Brúarhylur		0	
Suðurbakkar		0	
	0	26	2

Neðsta svæðið gefur mjög lítið þetta árið. Engin veiði virðist vera neðan við bátinn. Enda búið að grafa djúpa rás til að hægt væri að koma bátnum svona langt upp farveginn. Hugsanlega liggur fiskur ekki lengur í farveginum neðan bátsins. Einnig má vera að veiðimenn sæki minna þetta svæði vegna ágangs ferðamanna. Árnefndin sá engan fisk á þessu svæði í haust.


Miðsvæði	Lax	Bleikja	Urriði
Hlíðarrenna		0	
Brotin		11	
Ármót	2	26	
Stokksklettur	5	0	
Stíflan		0	1
Stokkur		0	
Affall	1	33	1
Skipaoddi		0	
Steinar		1	
Bakki		2	
	8	73	2

Miðsvæðið er eins og neðsta svæðið með mjög litla veiði. Á tímabilinu frá 9. júlí til 18. Ágúst veiðast 2 fiskar í Affallinu. Í Ármótunum veiðast fiskar 8 daga á öllu veiðitímabilinu. Þar eru menn hugsanlega að veiða fisk sem er í göngu því þrír af þessum dögum gefa meira en 5 fiska.

Efra Svæði, ofan vatns	Lax	Bleikja	Urriði
Uxamýri		0	
Hjaltastaðir		0	
Bugur		1	
Túnendi		1	
Olnbogi		120	
Neðri foss		118	
Klettur		22	
Spegill		114	2
Rennan		48	
Fremri foss		9	
	0	433	2

Sem betur fer gaf efsta svæðið vel eða 433 fiska. Kannski fer það svo að menn veiða mest á efsta svæðinu af því að lítill fiskur er annar staðar í ánni.

Lítill veiði hefur verið fyrri hluta júlí mánaðar. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort það er eðlilegt en allavega er óvenju lítill veiði á öllu svæðinu neðan vatnsins.



Flestir fiskarnir komu á flugu eða samtals 343. 192 fiskar komu á maðk og 18 á spún. Veiðnustu flugurnar eru, Phesant tail (héraeyra), Bleik og blá, Heimasæta og Krókur.

f.h. árnefndar Gufudalsár,

Guðmundur G. Hallgrímsson, formaður

Hallgrímur Guðmundsson

Hallgrímur Már Hallgrímsson